

Umboðsmaður barna

01 241

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Umboðsmaður barna

kt. 591294-2969

Kringlunni 1, 103 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Umboðsmaður barna er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli sérlaga. Meginhlutverk stofnunarinnar er að vinna að bættum hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra og að tekið sé tillit til þessa þátta við lagasetningu og ákvarðanatöku.

Starfsemin fellur undir málefnavið 29 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 86,9 milljónir og afkoma kr. -5,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -0,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 12,3 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjarveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Umboðsmanns barna fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

Salvör Nordal
Umboðsmaður barna

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Tekjur			
Tekjufærsla fíjarveitinga	2	85.200.000	101.200.000
Framlög og ýmsar tekjur	3	1.162.651	2.945.205
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	516.078	607.344
Tekjur samtals		86.878.729	104.752.549
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	70.638.192	74.633.470
Annar rekstrarkostnaður	5	20.817.204	28.467.691
Afskriftir og niðurfærslur	6	516.078	607.344
Gjöld samtals		91.971.474	103.708.505
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(5.092.745)	1.044.044
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		0	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(39)	0
		(39)	0
Afkoma ársins		(5.092.784)	1.044.044

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Tengdir aðilar	7	10.211.885	14.652.452
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	2.128.836	1.862.935
Óefnislegar eignir		199	199
Eignir samtals		12.340.920	16.515.586
Skuldir			
Tengdir aðilar	7	157.962	160.654
Viðskiptaskuldir		874.117	1.144.599
Ýmsar skammtímaskuldir	9	6.818.508	6.411.138
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	10	5.240.225	4.456.303
Skuldir samtals		13.090.812	12.172.694
Eignir samtals að frádegnum skuldum samtals		(749.892)	4.342.892
Eigið fé	11		
Hrein eign		(749.892)	4.342.892
Eigið fé samtals		(749.892)	4.342.892
Eigið fé og skuldir samtals		12.340.920	16.515.586
Aðrar upplýsingar	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins	(5.092.784)	1.044.044	
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	516.078	607.344	
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	(516.078)	(607.344)	
	<u>(5.092.784)</u>	<u>1.044.044</u>	
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar	4.955.896	(1.511.640)	
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir	136.888	467.596	
	<u>5.092.784</u>	<u>(1.044.044)</u>	
	<u>0</u>	<u>0</u>	
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(781.979)	(304.236)
		<u>(781.979)</u>	<u>(304.236)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		781.979	304.236
		<u>781.979</u>	<u>304.236</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024	82.700.000	1.300.000	84.000.000
Fjáraukalög	0	0	0
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	82.700.000	1.300.000	84.000.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda			
Launabætur	2.500.000	0	2.500.000
Fjárveiting ársins	85.200.000	1.300.000	86.500.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað)	4.342.892	2.593.169	6.936.061
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	89.542.892	3.893.169	93.436.061
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(90.292.784)	(781.979)	(91.074.763)
Staða fjárveitinga í lok árs 2024	(749.892)	3.111.190	2.361.298

IR

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en rauverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eigin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifad

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2024	2023		
2 Tekjufærsla fjárveitinga				
Fjárveiting ársins	85.200.000	101.200.000		
Tekjufærsla frestaðra tekna	516.078	607.344		
	85.716.078	101.807.344		
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:				
	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádegnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	82.700.000	0	0	82.700.000
Fjáraukalög	0	0	0	0
Launabætur	2.500.000	0	0	2.500.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	0	0	0	0
Fjárveiting til tekna	85.200.000	0	0	85.200.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádegnum sértekjum .	(90.292.784)	0	0	(90.292.784)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(5.092.784)	0	0	(5.092.784)
	2024	2023		
3 Framlög og ýmsar tekjur				
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	204.000	0		
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	958.651	2.945.205		
	1.162.651	2.945.205		
4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður				
Laun	56.127.155	58.428.926		
Orlof, breyting	407.370	1.619.187		
Launatengd gjöld	12.931.853	13.484.447		
Starfsmannakostnaður	1.171.814	1.100.910		
	70.638.192	74.633.470		
Meðalfjöldi stöðugilda	4,5	5,1		

Skýringar

5 Annar rekstrarkostnaður

	2024	2023
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	200.023	212.692
Byggingarvörur, aðrar	0	7.151
Ýmis tæki og áhöld	256.141	110.759
Orkugjafar	0	15.087
Matvæli	2.331.446	1.306.992
Almennar rekstrarvörur	215.669	837.187
Vörukaup, almenn	<hr/> 3.003.279	<hr/> 2.489.868
Fundir, námskeið, risna	985.234	5.456.468
Ferðir, uppihald	3.439.545	7.110.991
Akstur	631.326	623.524
Sérfræðiþjónusta	5.106.464	5.081.939
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	21.266	33.284
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.037.834	1.405.329
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	<hr/> 372.166	<hr/> 1.391.211
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<hr/> 11.593.835	<hr/> 21.102.746
Afnotagjöld	3.345.775	3.248.282
Leigugjöld	6.740.293	6.530.470
Notkun véla og flutningatækja	78.430	25.920
Verkkaup	26.602	2.814.602
Kostnaðarhlutdeild	598.220	217.827
Tilfærslur	<hr/> 0	<hr/> 685.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<hr/> 10.789.320	<hr/> 13.522.101
Hlutdeild annarra í kostnaði	(4.569.230)	(8.647.024)
Annar rekstrarkostnaður samtals	<hr/> 20.817.204	<hr/> 28.467.691
	2024	2023

6 Afskriftir

	2024	2023
Áhöld, tæki og búnaður	515.091	606.946
Aðrar eignir	987	398
	<hr/> 516.078	<hr/> 607.344

31.12.2024 **31.12.2023**

7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	10.211.885	14.652.452
	<hr/> 10.211.885	<hr/> 14.652.452

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	157.962	160.654
	<hr/> 157.962	<hr/> 160.654

Skýringar

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	2.056.089	1.859.976
Aðrar eignir	72.747	2.959
	2.128.836	1.862.935

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2024:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2024	7.721.825	0	0	3.985	7.725.810
Viðbætur á árinu	711.204	0	0	70.775	781.979
	8.433.029	0	0	74.760	8.507.789
Afskriftir 01.01.2024	5.861.849	0	0	1.026	5.862.875
Afskrift ársins	515.091	0	0	987	516.078
	6.376.940	0	0	2.013	6.378.953
Staða 31.12.2024	2.056.089	0	0	72.747	2.128.836
				31.12.2024	31.12.2023

9 Ýmsar skammtímaskuldur

Ógreitt orlof	6.818.508	6.411.138
	6.818.508	6.411.138

10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

		31.12.2024	31.12.2023
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	2.129.035	1.863.134	
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	3.111.190	2.593.169	
	5.240.225	4.456.303	

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2024	1.863.134	2.593.169	4.456.303
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	1.300.000	1.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	781.979	(781.979)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(516.078)	0	(516.078)
	2.129.035	3.111.190	5.240.225

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2024 munu kr. 0,5 milljónir koma til tekna á árinu 2025.

Skýringar

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2024	31.12.2023
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	4.342.892	3.298.848
Afkoma ársins	<u>(5.092.784)</u>	1.044.044
Jöfnuður 31.12.	(749.892)	4.342.892

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

12 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 5,7 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 2,0 milljónum. Einnig hafa verið gerðir skuldbindandi samningar um rekstarþjónustu húsnæðis og nema þeir kr. 2,1 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.